

Ferðadagbækur Magnúsar Stephensen 1807-1808

Útgefendur: Anna Agnarsdóttir og Þórir Stephensen

Bókarheiti: Ferðadagbækur Magnúsar Stephensen 1807-1808

Gagnrýnandi: Helgi Skúli Kjartansson

Útgáfa: Sögufélag (Smárit Sögufélagsins), Reykjavík 2010, xlviii + 190 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „Magnús Stephensen er ágætur dagbókarhöfundur: athugull, opinskár og hæfilega sjálfhverfur, fullkomlega ófeiminn við hugsanlega lesendur. Í stuttorðum dagbókarfærslum hans kemst lesandi býsna nálægt höfundinum og hans ólíku tilfinningum: hástéttarvitund hans og jafnvel hégómaskap; ódrepanði vinnusemi og námfýsi; áhyggjum hans og brennandi áhuga á að verða nauðstöddu landi sínu að liði.“

DAGBÆKUR FRÁ ÖRLAGATÍMUM

Magnús Stephensen dómstjóri (1762–1833) var um langt skeið leiðandi persóna í íslensku þjóðlífi: fjölmenntaðastur Íslendingur af sinni kynslóð, ötull og afskiptasamur og hafði völd og áhrif langt út fyrir verkahring sinna háu embætta. Um breytingar á íslenski stjórnýslu kringum aldamótin 1800 (t.d. afnám Alþingis) réð hann meiru en nokkur annar Íslendingur. Þegar samgöngur við Ísland lentu í uppnámi vegna ófriðar Dana og Breta 1807–1814 var það Magnús sem tók forustu í málum lands og þjóðar, beitti óspart sínum miklu áhrifum hjá dönskum stjórnvöldum en fór hiklaust framhjá þeim þegar brýn nauðsyn krafði.

Magnús var á leið til Danmerkur haustið 1807 á kaupskipi sem Bretar hertóku í hafi, komst þó til Kaupmannahafnar en ekki heim fyrr en vorið 1809. Varðveittar eru þrjár dagbækur hans sem samtals spanna um helming þessa útivistartíma. Þær höfðu ratað hver á sitt skjalasafnið og vissi enginn af þeim öllum fyrr en sr. Þórir Stephensen, en hann hóf vinnu að útgáfu þeirra fyrir nærri tuttugu árum. Síðar kom til liðs við hann Anna Agnarsdóttir prófessor, en tímabil Magnúsar er hennar sérsvið (sem hún hefur t.d. nýlega skrifað um í ritröðinni Sögu Íslands), einkanlega tengsl Íslands og Bretlands. Anna stýrði síðustu áföngum verksins og skrifaði inngang. Þar er sett í samhengi sú flókna atburðarás ófriðar og Íslandssiglinga sem birtist sundurslitin í dagbókunum. Anna þekkir þar til í stóru og smáu og vísar um margt til erlendra samtímaskjala sem greinilega eru lykilheimildir um sögu Íslands (væri raunar fróðlegt að eiga þau líka útgefin).

Auk dagbókanna 1807–1808, sem útgáfan er kennd við, birtist í henni dagbókarbrot Magnúsar úr Kaupmannahafnarferð 1799, lofkvæði um hann frá 1800 og tvö afdrifarík bréf sem hann skrifaði á ensku um brýnustu mál Íslands, til ensks Íslandsvinar um siglingateppuna 1807 og til yfirmanns á bresku herskipi um valdarán Jörundar hundadagakonungs 1809.

Uppskrift dagbókanna er að miklu leyti verk Sigurðar L. Pálssonar, Ögmundar Helgasonar og Ólafs Arnars Sveinssonar en Þórir og Anna yfirfóru og samræmdu texta og sömdu skýringar, með aðkomu ýmissa sérfræðinga. Íslenska Magnúsar er birt orðrétt en með núgildandi rithætti og auk þess skýringum torskilinna orða. Skýringa er ekki síst þörf vegna þess hve dönskuskotið ritmál Magnúsar er. Bæði af þeim sökum og öðrum er íslenska hans, 200 ára gömul, síst aðgengilegri fyrir nútímalesanda en t.d. mál Snorra Sturlusonar fyrir 800 árum. En með hjálp útgefenda er viðráðanlegt að komast fram úr textanum – og býsna fróðlegt fyrir þá sem ekki eru kunnugir þessu tímabili í sögu tungunnar.

Um textaútgáfu er óvarlegt að dæma nema með samanburði, en af myndum, sem birtar eru af nokkrum síðum handritanna, má ráða að a.m.k. í dagbókinni frá 1799 sé ekki gætt fyllstu nákvæmni. Efnisskýringar eru rækilegar, sums staðar greinilegt að upplýsinga hefur verið leitað af mikilli elju, t.d. um persónur sem bregður fyrir í frásögn Magnúsar. Orðskýringar eru margar, og veitir ekki af (hefði jafnvel þurft víðar. Þegar Magnús segist t.d. hafa keypt „6 bækur býkúpu“ (bls. 97), sem ekki er útskýrt, hefði þurft að vísa til fyrri skýringa, annars vegar á „bók“ sem magneiningu fyrir pappír, hins vegar á „býkúpu“ sem pappírstegund. Sú skýring (bls. 70): „Býkúpa (mynd hennar) er þekkt vatnsmerki í pappír“, dugir reyndar ekki alveg til að sýna lesandanum að „býkúpa“ er stytting á býkúpupappír sem var vandaður skjalapappír, upphaflega frá hollenskum framleiðanda sem notaði mynd af býkúpu sem vatnsmerki.), mjög gagnlegar en nokkuð misgóðar, bregður fyrir ónákvæmni eða misskilningi. (Eins og að „roe-olie“ merki „rófuolía“ en rétt er repjuolía (canola); eða að „erklera“ merki „útskýra“ en rétt er að gefa yfirlýsingu/umsögn (hvort tveggja bls. 54).

Magnús Stephensen er ágætur dagbókarhöfundur: athugull, opinskár og hæfilega sjálfhverfur, fullkomlega ófeiminn við hugsanlega lesendur. Í stuttorðum dagbókarfærslum hans kemst lesandi býsna nálægt höfundinum og hans ólíku tilfinningum: hástéttarvitund hans og jafnvel hégómaskap; ódreypandi vinnusemi og námfýsi; áhyggjum hans og brennandi áhuga á að verða nauðstöddu landi sínu að liði.

Langir kaflar dagbókanna gerast á sjó og er nákvæmlega lýst baráttu áhafnar við veður og vinda en ekki síður aðbúnaði farþega í mat og drykk. Á ensku herskipi hafði Magnús t.d. allgóða vist. „Handa mér lét minn góði capitain sauma og að öllu leyti til búa praktugt hengirúm og festa upp í káhetu sinni, hvar ég nú svaf þá værustu nótt frá því ég lagði heiman að.“ Hann hefur „allan mat mikinn og góðan. Á morgna er borðað þunnsmurt hveitibrauð með tevatni og speikt síld [kippers] eða steikt flesk [beikon] ofurlítið með. Um miðdegi eru 3, 4 og 5 réttir á boði og ætíð ostur seinast. Besta öl og vín ákaft. ... Eftir miðdegismáltíð er setið og drukkið í smáglösum vín hér um einn klukkutíma við borðið ...“ Tilþrifameiri eru þó lýsingar á veislum í landi þar sem hófsmaðurinn Magnús horfir á aðra eta og drekka langt umfram það sem hann kærir sig um sjálfur.

Í félagsskap Englendinga á Magnús bágt með að gera sig skiljanlegan. „Eg varð ýmist að plúðra latínu við læknerinn, sem í henni var þó kolryðgaður, eða frönsku við capitain og tvo offísiera, eða þýsku við einn preussískan matrós, og þess á milli böggla út engelskum klausum.“ Þó er hann læs á ensku, vitnar í stríðsfréttir í enskum blöðum. En stríðið færir honum heim sanninn um að Bretar séu þeir nágrannar sem Íslendingar muni á næstunni eiga mest undir, og því snýr hann sér að enskunámi sem hann sinnir flesta daga í ferðinni, lærir sjálfur af bókum og kaupir sér talmálsþjálfun í Kaupmannahöfn. Þetta virðist dæmigert fyrir Magnús: að taka hlutina föstum tókum og hlífa sér ekki við fyrirhöfn.

Magnús hóf ferð sína án þess að vita að Danmörk var þá að dragast inn í ófrið stórveldanna, Napóleonsstyrjaldirnar. Lesandi dagbókanna fréttir með honum smám saman hvernig komið er: óvinir ráðandi á hafinu, Kaupmannahöfn hertekin í bili og að nokkru í rúst eftir sprengjuregn Breta. Þetta kannast margir Íslendingar við, hitt síður, sem Magnús lýsir í framhaldinu, hvernig Danir undirbúa innrás í Svíþjóð með hjálp bandamanna sinna: „Alltaf var verið að undirbúa franska hermannaflutninga til Sværig, að það svo hét, og allt í uppnámi með hernað og hermenn.“ „Nú heyrðist að 26 000 Franska væru væntanleg hingað frá Holstein.“ „Enskir lágu enn nokkrir í Beltinu að hindra yfrumferð franska hersins og því kemur enginn ennþá hingað.“ „Nú tók ég að lesa frönsku, þá ég það gat, dag hvörn.“ „Engir Fransmenn.“

Enska og franska voru þó ekki einu námsgreinar Magnúsar í Kaupmannahöfn því „að í næstliðinni viku byrjaði ég að ganga á professors Ørsteds privat Collegium over Galvanisme og Experimental Physic þrisvar í viku og að lector Hornemann les með mér Botanik fjórum sinnum í viku.“ Hafði Magnús þó ærið að starfa við sitt upphaflega erindi til Kaupmannahafnar, en það var að sjá um prentun á danskri útgáfu rits síns um Ísland á 18. öld og auka það um leið eftir heimildum sem ekki voru tiltækar þegar hann samdi það á Íslandi.

Jafnframt var Magnús á kafi í búfræði. Hann las sér til, heimsótti bú, skoðaði gripi og vinnubrögð; en skrifaði líka og birti efni um íslenskan landbúnað. Heima á Íslandi var hann stórbóndi, kynbótamaður og spenntur fyrir að prófa innflutt búfjárkyn. Þegar hann bjóst til heimferðar 1808 (en átti eftir að tefjast vetrarlangt í Noregi) tók hann með sér sauðfé af tveimur kynjum. „Eitt par svínagrísa af útvöldu kyni hefi eg og um borð. Gölturinn stökk út í stormi ... við Helsingborg og varð varla róinn upp af fjórum á slúffu, svo ótt synti hann.“

Svona vindur dagbókunum fram með óvæntum smámyndum innan um stórtíðindi. Þær eru aðlaðandi lesning á þann hátt sem persónulegum heimildum er lagið. En jafnframt eru þær merkar heimildir um afskipti Magnúsar af opinberum málum. Er Sögufélag vel sæmt af útgáfu þeirra.